

6. gr.

Þeir, sem æskja styrks úr sjóðnum, geta frá 1. til 30. júní ár hvert fengið hjá stjórnendunum prentuð eyðublöð, sem síðan ber að senda stjórnendum sjóðsins fyrir 16. júlí útfyllt með upplýsingum þeim, sem heimtaðar eru, og eiga þeir að leggja skýrslur þessar til grundvallar fyrir styrkveitingum og stærð styrkhlutanna, sem greiða á þeim, er styrkur er veittur, 13. desbr. ár hvert. Stjórn sjóðsins lætur í lok maímán-ár hvert prenta auglýsingu í einu af blöðum þeim, sem út koma í Reykjavík, viðvíkjandi umsóknnum um styrk, og á í auglýsingu þeirri að vera getið allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru, þar með talin ákvæðin í þessari grein.

7. gr.

Engum veitist styrkur lengur en eitt ár í senn, en eigi skal þó loku fyrir skotið, að sá, sem eitt sinn hefur styrk fengið, geti á ný fengið hann ár eftir ár, svo framarlega sem hann á ári hverju sækir um hann og þykir hæfur að njóta hans.

8. gr.

Einu sinni á ári hverju skal auglýsa í einhverju af blöðum þeim, sem út koma í Reykjavík, reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

Staddur í Reykjavík 28. júní 1889.

Fyrir hönd ekkjufrúar A. Fischer og sjálfs sín

F. Fischer.

Skýrsla

um yfirsetukvennaumdæmi í Norður- og Austuramtinu.

Suður-Múlasýsla.

1. Álptafjörður frá Lónsheiði að Hamarsá.
2. Hálssókn frá Hamarsá innfyrir Urdarteig og Beruneshreppur að Fossí.
3. Beruneshreppur frá Fossá að Streitisá.
4. Breiðdalur frá Streitisá að Hvalsnesskriðum.
5. Stöðvarfjörður og Fáskrúðsfjörður frá Hvalsnesskriðum að Kolfreyjustaðarskriðum.
6. Reyðarfjarðarhreppur frá Kolfreyjustaðarskriðum að Krossanesskriðum.
7. Vöðlavík, Viðfjörður og Sandvík frá Krossanesskriðum að Viðfirði meðtölum.
8. Norðfjörður frá Viðfirði til Nýpu.
9. Mjóifjörður frá Nýpu til Dalatanga.
10. Eyðapinghá og Vallahreppur austan og utan Grímsár og Gilsár.
11. Vallahreppur út að Grímsá og Skriðdalur.

Norður-Múlasýsla.

1. Seyðisfjarðarhreppur.
2. Klippstaðar- og Húsavíkursóknir.
3. Desjarmýrar- og Njarðvíkursóknir.
4. Hjaltastadarpinghá.
5. Fljótsdalshreppur.
6. Fellahreppur.
7. Tunguhreppur og Jökulsárhlíð upp að Fossvöllum.
8. Hofteigs og Brúarsókn á Jökuldal.
9. Vopnafjarðarhreppur.

119 10. Skeggjastaðahreppur.

2. okt br:

Þingeyjarsýsla.

1. Saudaneshreppur.
2. Svalbarðshreppur að fráskildum bæunum Sveinungsvík og Ormalóni.
3. Presthólahreppur inn að Hafnarskörðum og bæirnir Sveinungsvík og Ormalón.
4. Presthólahreppur frá Hafnarskörðum og Skinnastadasókn.
5. Viðirhólssókn ásamt Möðrudalssókn í Norður-Múlasýslu.
6. Kelduneshreppur.
7. Húsavíkurhreppur.
8. Aðaldalur upp að Presthvammi og Ytrafjalli, bæirnir Geitafell, Langavatn og Klambasel, einnig Skriðuhverfi og Þóroddstaðarsókn í Kinn.
9. Einarstaðasókn og Múlasókn að undanskildu Skriðuhverfi, Þverársókn og Grenjæðarstaður.
10. Skútustaðahreppur.
11. Lundarbrekkusókn og Ljósavatnssókn.
12. Hálsprestakall.
13. Þönglabakkaprestakall með Heiðarhúsum og Grímslandi í Laufássókn.
14. Höfðaprestakall og Laufássókn að undanskildum Heiðarhúsum og Grímslandi.

Eyjafjarðarsýsla.

1. Kaupangssókn inn að Þverá og Svalbarðssókn í Þingeyjarsýslu.
2. Eyjafjörður að austan frá Þverá hinni ytri að Núpufellsá.
3. Innsti hluti Eyjafjarðar frá Núpufellsá að austan til Skjöldalsár að vestan.
4. Hrafnagilshreppur.
5. Glæsibæjarhreppur.
6. Skriðuhreppur.
7. Arnarneshreppur.
8. Vallahreppur.
9. Þóroddsstaðahreppur.
10. Hvanneyrarhreppur.
11. Grímsey.

Skagafjarðarsýsla.

1. Holtshreppur.
2. Fellshreppur með Höfðasókn og Hofssókn.
3. Miklabæjarsókn í Óslandshlíð og Hólahreppur.
4. Viðvíkurhreppur og Rípurhreppur.
5. Akrahreppur.
6. Lýtingsstaðahreppur.
7. Seiluhreppur og Staðarhreppur.
8. Saudárhreppur.
9. Skefilsstaðahreppur.

Húnavatnssýsla.

1. Vindhælishreppur.
2. Engihlíðarhreppur.
3. Bólstaðarhlíðarhreppur.

4. Svínavatnshreppur og Torfalækjar-hreppur.
5. Áshreppur og Sveinsstaðahreppur.
6. Þorkelshólshreppur og Þverárhreppur út að Vesturhópshólum, að þeim bæ meðtöldum, og þeir bæir í Kirkjuhvammshrepp, sem eru í Víðidalstungusókn.
7. Vatnsnes frá Vesturhópshólum að austan til Hamarsár að vestan.
8. Melstaðarprestakall utan frá Hamarsá og yztu bæir af Staðarhrepp að Þóroddsstöðum með töldum.
9. Staðarbakkaprestakall og fremri hluti Staðarhrepps utan frá Þóroddsstöðum.

119
2. oktbr.

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 2. oktbr. 1889.

J. Havsteen.

Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um samþykkt um lundaveiði á Vestmannaeyjum* — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. p. m., hafið þjer, herra amtmaður sent þingað samþykkt nokkra, sem gjörð hefur verið af 30 ábúendum umbodsjarða á Vestmannaeyjum til þess að koma í veg fyrir eyðilegging lundaveiðinnar þar á staðnum, og hafið þjer lagt það til, samkvæmt tilmælum sýslumannsins í Vestmannaeyjum, að landstjórnin samþykki að 1. og 2. gr. framannefndrar samþykktar framvegis skuli gilda að því er snertir umbodsjarðirnar á Vestmannaeyjum, þannig að brot gegn þeim hafi sömu afleiðingar og brot gegn öðrum greinum í byggingarbrjefum þessara jarða.

120
20. nóv.

Útaf þessu skal yður hjermed þjónustusamlega tjáð, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að eins og löglegum samningum yfir höfuð eigi verður breytt af einum hlutaðeiganda að öðrum málsáðilum fornsparðum, eins getur þeim, sem fengið hafa lögleg byggingarbrjef fyrir umbodsjörðum á Vestmannaeyjum, ekki orðið gjört að skyldu að hlýta nýjum viðbótum við eða breytingum á skilmálum þeim, sem þeir hafa undirgengið, þar sem þeir hafa fullan rjett á að halda sjer til byggingarbrjefa sinna. En með því að reglur þær, sem settar eru í 1. og 2. gr. fyrnefndrar samþykktar virðast að öðru leyti hentugar*, þá skal hjermed þjónustusamlega skorað á yður að hlutast til um að reglur þessar verði framvegis teknar upp í þau byggingarbrjef, sem hjer eptir verða útgefin fyrir umbodsjörðum á Vestmannaeyjum, og að þeim eptir samkomulagi við hlutaðeigendur verði bætt við í byggingarbrjefum þeirra leiguliða á tjeðum jörðum, sem góðfúslega vilja samþykkja, að slík viðbót sje gjörð við byggingarskilmálana.

Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir Norður og Austuramtinu um styrk handa alþjóðuskólanum á Hljeskógum*. — Útaf þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 7. f. m., þar sem þjer mælið með þeirri beiðni forstöðumanns Hljeskógaskólans, Einars umbodsmanns Ásmundssonar, að jeg veiti skólanum 500 kr. styrk fyrir yfistandandi ár samkvæmt fjárlaganna 13. gr. B. V. c. 2., skal yður hjermed tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir forstöðumanni alþjóðuskólans í Hljeskógum, að jeg sje mjer ekki fært að ávísa tjeðri upphæð til útborgunar úr landssjóði bæði sökum umræðna þeirra, er urðu um þennan skóla á alþingi síðastliðið sumar og sökum þess, að skýrsla sú um skólann fyrir síðastliðið skólaár, sem fylgdi nefndu brjefi yðar, ber það með sjer, að einungis einn lærisveinn hefur verið á honum hið umrædda skólaár að staðaldri, og au khans að eins tveir, sinn mánuðinn hvor.

121
2. des.

*) Í greinum þessum var ákveðið:

1. Að eigi mætti byrja neinskonar lundaveiði fyrr en fullar 10 vikur af sumri, og skyldi hætta eigi síðar en 14 vikur af sumri. Lundinn skyldi fríðhelgur sóla á milli á virkum dögum, svo og alla helgidaga.
2. Að lundir skyldi að eins veiddur með háfi, en alls eigi með greflum, eða annarskonar veiðiaðferð, og að hvorki í heimalandi þje í uteyjum mætti pysju veiða nema í Almenningssskeri og í fylabyggð með samþykki sameignarmanna.